

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breytingu á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 107/1974 með áorðnum breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. júlí 1978.*

Matthías Bjarnason.

*Páll Sigurðsson.*

31. júlí 1978.

Nr. 290.

**REGLUGERÐ****um sauðfjárbaðanir.**

## 1. gr.

Öllum þeim sem hafa sauðfé eða geitfé undir höndum er skylt að láta fara fram böðun á því eins og lög og reglur segja fyrir um.

Fjáreigendum er skylt að hafa allt fé sitt tiltækt til böðunar annað hvort í húsi eða í rétt, þegar baðstjóri segir fyrir um. Þeir skulu einnig hafa tiltæka baðþró, sundþró, þ. e. svo stóra og djúpa þró, að auðvelt sé að kaffæra kindina í baðinu án þess að hún nái fóttfestu. Þróin skal þann veg útbúin að kindur geti sjálfar gengið upp úr henni á rúmgóðan sigpall.

Þess skal gætt að öll aðstaða sé haganleg svo fé verði fyrir sem minnstu hnjaski og aðstaða til verksins góð.

Eigandi og umráðamaður sauðfjár eða geitfjár skal hafa tiltækt nægilegt magn af vatni og baðlyfi því sem yfirvöld ákveða og nægan mannafla svo verkið geti gengið vel og greiðlega.

Baðstjóri skal hafa eftirlit með því að baðlyf sé blandað vatni eins og reglur mæla fyrir um.

Böðun skal fara fram innanhúss og þess gætt að fé sæti ekki hrottalegri meðferð.

Nú telur baðstjóri að aðstaða eða mannafla sé ófullnægjandi og skal fjáreigandi þá bæta úr án tafar, ella hlutast baðstjóri til um að úr verði bætt á kostnað eiganda fjárens svo böðun verði framkvæmd á viðhlýtandi hátt.

## 2. gr.

Böðun sauðfjár skal fara fram annað hvert ár á tímanum 1. nóvember til 15. mars, eins og nánar greinir í lögum um sauðfjárbaðanir. Þó skal ekki hefja böðun fyrr en að lokinni haustslátrun í héraðinu og eigi fyrr en fé er almennt komið á hús.

Vanti sauðfé, þegar böðun fer fram á bænum eða ef fresta verður böðun á einhverju af fénu af óviðráðanlegum ástæðum, skal allt hið baðaða fé auðkennt og skal því haldið tryggilega aðskildu frá óböðuðu fé, þar til lokið er við að baða allt fé á bænum.

Sérstaka gát skal hafa á fé sem heimtist seint og gæta þess vandlega að það sé ekki sett saman við annað fé fyrr en það hefur verið baðað.

## 3. gr.

Nú óskar sýslunefnd eða sýslunefndir eftir því að fá undanþágu frá böðunarskyldu á tilteknu svæði, og skal þá senda um það skriflega umsókn til landbúnaðarráðuneytisins fyrir 1. október þann veitur sem böðunin skal framkvæmd að lögum. Þar skal fram tekið að böðunarreglum hafi verið framfylgt undanfarin ár á svæðinu. Einnfremur skal fylgja umsókninni vottorð héraðsráðunauta í sauðfjárrækt, gærumatsmanna og heilbrigðiseftirlitsmanna í sláturhúsum á svæðinu sem og þeirra er framkvæma bólusetningu gegn garnaveiki um það að ekki hafi orðið vart kláða eða annarra óþrifa í fénu næstliðin 4 ár.

Landbúnaðarráðherra er heimilt þegar svo stendur á að veita undanþágu frá böðunarskyldu í tiltekinn tíma, enda mæli viðkomandi héraðsdýralæknir og yfirdýralæknir með undanþágunni.

Nú kemur upp grunur um kláða eða óþrif eða kláða verður vart á svæði þar sem undanþágan gildir. Skal þá hreppsstjóri í viðkomandi sveit kveða til héraðsdýralækni til að fá úr því skorið hvort um kláða eða önnur óþrif sé að ræða. Ef um kláða eða önnur óþrif er að ræða skal gera ráðstafanir til þess að smit dreifist ekki. Jafnframt skal hafin könnun á því hve víðtæk útbreiðsla kláðans eða óþrifanna er á svæðinu. Jafnframt skal hefja undirbúning að útrýmingu með böðun alls fjár á svæðinu. Í slíkum tilvikum er landbúnaðarráðherra heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreyðslu sjúkdómsins og uppræta hann.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita einstökum fjárbúum frest á böðun í tiltekinn tíma ef héraðsdýralæknir telur heilsu fjárisins þann veg farið að hætta geti stafað af böðun. Skal fénu þá gefið inni uns fært þykir að framkvæma böðun, eða tryggja á annan hátt að hið óþaðaða fé komi ekki saman við fé fyrr en að lokinni böðun.

## 4. gr.

Skylt er öllum þeim sem starfa við smölun, réttun, hirðingu og gæslu sauðfjár að hafa vakandi auga á því hvort fjárkláða eða annarra óþrifa verði vart. Sama skylda hvílir á þeim sem hafa með höndum heilbrigðiseftirlit á sláturhúsum.

Verði kláða eða annarra óþrifa vart skal það tilkynnt hreppstjóra eða viðkomandi héraðsdýralækni án tafar og skal hann staðfesta sjúkdómsgreiningu svo fljótt sem við verður komið. Jafnframt skal leitast við að rekja upphaf smitsins eftir því sem kostur er.

## 5. gr.

Nú verður fjárkláða vart eða grunur leikur á því að kind sé kláðasjúk og skal þá sá, sem þess verður var tilkynna það hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Skulu þeir þá hlutast til um að hið grunaða eða kláðasjúka fé sé einangrað á kostnað og ábyrgð eiganda uns héraðslæknir hefur úrskurðað, hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo, skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun. Heimilt er þegar svo stendur á að láta fara fram ítarlega skoðun á þeim bæjum þar sem fé hefur haft samgang við hinar sjúku kindur. Er fjáreigendum skylt að framvísa fé sínu til skoðunar og veita nuðsynlega aðstoð við verkið sé þess óskað. Skoðunarmönnum er heimill aðgangur að húsum þar sem skepnur kunna að vera geymdar til eftirlits.

Heimilt er að gera hverjar þær ráðstafanir sem eftirlitsmaður og yfirdýralæknir telja nauðsynlegar til þess að hefta og uppræta sjúkdóminn, svo sem að tvíþaða fé á sýktum bæjum og bæjum sem haft hafa samgang við sjúkar kindur, hefta samgang fjár, farga einstöku kindum sem eru helsjúkar af kláða eða ef lækning þeirra tekur fyrirsjáanlega mjög langan tíma, sótthreinsa fjárhús og aðrar fjárgeymslur, svo sem kostur er og eyða ullarkleprum, skófum og öðru sem smithætta getur stafað af. Kostnað af slíkum aðgerðum annan en baðlyfskostnað ber fjáreigandi.

## 6. gr.

Ef fjárkláða verður vart hvað eftir annað í einhverju fjárskiptahólfi eða annarra óþrifa í sauðfé eða geitfé, þrátt fyrir að almennri böðunarskyldu hafi verið fullnægt er landbúnaðarráðherra rétt að fyrirskipa að ráði yfirdýralæknis og að höfðu samráði við sveitarstjórnir á viðkomandi svæði útrýmingarböðun (tvíböðun) á svo stóru svæði sem þurfa þykir.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að skipa sérstakan framkvæmdastjóra til að stýra framkvæmd slíkrar útrýmingarböðunar, og taki hann laun úr ríkissjóði. Hann skal sjá um að sauðfjárböðun á svæðinu fari í hvívetna fram eftir settum reglum, allt fé sé baðað á tilskyldum tíma og fylgst sé vandlega með því að fé sem heimtist eftir böðun sé baðað án tafar.

Nú er ákveðin sérstök útrýmingarböðun og er þá hreppsnefnd skylt að láta fara fram sérstakar fjárleitir til þess að tryggja sem bestar fjárheimtur.

Skoðun alls fjár fyrir böðun skal vanda sem best svo unnt sé að gera sérstakar ráðstafanir við böðun á sjúku fé og halda því aðskyldu uns það hefur verið læknað.

Böðun skal fara fram undir eftirliti baðstjóra og skal vanda hana svo sem föng eru á.

Að lokinni seinni böðun skulu fjárhús og fjárgeymslur sóttþreinsaðar með baðlegi og ullarkleprum af sjúkum kindum eytt á eldi.

Ef nauðsynlegt er talið að dómi yfirdýralæknis, eftirlitsmanns og hins sérstaka framkvæmdastjóra er ráðherra heimilt að fyrirskipa sauðfjárböðun árlega og tvíböðun þar sem kláða verður vart, þar til talið er tryggt að kláða hafi verið útrýmt á svæðinu.

Þegar tvíböðun hefur verið ákveðin í tilteknum landshluta skal tilkynna það eftirlitsmönnum en þeir baðstjórum.

Tilkynning um tvíböðun skal birt í Lögbirtingablaðinu og lesin í Ríkisútvarpi tvisvar.

Nú tregast fjáreigandi við að hlýta fyrirmælum um böðun, kláðaskoðun, einangrun fjárins eða aðrar nauðsynlegar aðgerðir vegna fjárkláða og skal þá framkvæmdastjóri eða eftirlitsmaður leita fulltingis hreppstjóra eða sýslumanns, er láta böðun eða aðrar aðgerðir fara fram á kostnað eiganda.

Nú framkvæmir fjáreigandi sauðfjárböðun án þess að hafa um það samráð við baðstjóra eða að honum fjarverandi og skal þá slík böðun ekki metin sem lögboðin sauðfjárböðun.

Nú er fé geymt í óbyggðum eyjum og því ekki baðað er almenn böðun fer fram, þá er eiganda skylt að flytja féð í land strax og fært er og láta baða þar eftir settum reglum.

## 7. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum þar sem þeir eru búsettir að svo miklu leyti sem þeir geta annast það eftirlit, að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum, einn í hverju sýslufélagi að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefndar eða bæjarstjóra.

Eftirlitsmenn skulu sjá um skipulagningu sauðfjárbaðana hver í sínu umdæmi. Þar sem um er að ræða tvo eða fleiri eftirlitsmenn í sama fjárskiptahólfi og hætta er á samgangi fjár milli eftirlitssvæða, skulu eftirlitsmenn hafa samstarf um skipulag baðana, svo þær komi að sem fyllstum notum.

Þeir skulu hlutast til um að verslanir hafi tiltæk næg baðlyf, annast skýrsluhald varðandi baðanir og setja baðstjórum starfsreglur varðandi eftirlit við böðun, upplýsa þá um verkanir baðlyfja, meðferð fjár við böðun og annað er máli skiptir

í því sambandi. Þeir skulu afhenda baðstjórum skýrslublöð um baðanir og sjá um að blöðin séu vandlega útfyllt jafnóðum.

Eftirlitsmenn ákveða í samráði við sveitarstjórnir og baðstjóra hvenær baðað skuli í hverjum hreppi innan þeirra tímamarka sem lög ákveða (1. nóvember til 15. mars).

Skipuleggja skal böðun í hverjum hreppi þannig að henni verði allsstaðar lokið á sem skemmstum tíma til að forðast hugsanlegan samgang baðaðs fjár og óbaðaðs.

Nú heimtist fé eftir að böðun er almennt lokið og skal sá er finnur, einangra kindurnar á ábyrgð og kostnað eiganda og tilkynna það hreppstjóra án tafar. Hlutast hann þá til um í samráði við baðstjóra og eftirlitsmann að kindurnar séu baðaðar þegar í stað á kostnað eiganda.

### 8. gr.

Eftirlitsmenn skulu tilnefna baðstjóra í samráði við hreppsnefndir eigi síðar en 20. október ár það sem allsherjar böðun er ákveðin. Til þess að hægt sé að ljúka böðun í hreppnum á sem skemmstum tíma er heimilt að skipa fleiri en einn baðstjóra og skulu þeir hafa samstarf sín á milli um böðunarframkvæmdir. Í bæjum útnefna eftirlitsmenn baðstjóra í samráði við bæjarstjórnir.

### 9. gr.

Baðstjórar skulu skipuleggja sauðfjárbaðanir hver á sínu svæði. Þeir skulu vera viðstaddir böðun bæði þrifaböðun (einböðun) og útrýmingarböðun (tvíböðun) og hafa nána gát á því hvort óþrif leynist í fénu. Þeir skulu sjá um blöndun á haðlyfi, leiðbeina og segja fyrir um framkvæmd verksins og hafa gát á því að þeir sem við böðun starfa fylgi settum reglum.

Baðstjóra og eftirlitsmanni skal vegna skyldustarfa sinna frjáls og greiður aðgangur að öllum útihúsum og öðrum vistarverum þar sem fé kann að vera geymt til eftirlits.

Fjáreiganda eða umráðamanni er skylt að framvísa öllu fé, sem hann hefur undir höndum til böðunar eða skoðunar þegar baðstjóri eða eftirlitsmaður óskar eftir því.

Ef sauðfjáreigandi eða umráðamaður vill eigi hlýta fyrirmælum baðstjóra eða skorast undan því að fylgja settum reglum við böðun og eftirlit skal baðstjóri og eftirlitsmaður leita fulltingis hreppstjóra eða sýslumanns.

### 10. gr.

Ávallt skal þess gætt að fé verði fyrir sem minnstu hnjaski við böðun og forðast skal að baða fé sem er þreytt, mótt eftir rekstur eða fé sem er mjög fullt.

Kindur sem eru í tveimur reifum verður skilyrðislaust að rýja fyrir böðun.

Aðskilja skal kláðasjúkar kindur frá heilbrigðu fé og halda þeim aðskildum þar til þær hafa verið læknaðar. Allar kláðakindur skal auðkenna greinilega með málningu á vinstra horn eða vinstri kjamma.

Til þess að forðast ofkælingu er rétt að hýsa féð fyrstu tvo sólarhringana eftir böðun og gæta þess að dragsúgur sé ekki í húsum þar sem nýbaðað fé er geymt.

Ef reka þarf fé til böðunar milli húsa eða bæja skal ávallt reka það mjög hægt og lofa því að jafna sig í 1—2 klst. áður en böðun hefst.

Þegar böðun er lokið skulu fjárhús hreinsuð þannig að mokað er út efsta lagi af gólfskán allir ullarlagðar og kleprar tindir saman og brenndir. Síðan skal gegnæta með haðlyfi vegg, garða, garðabönd, stoðir og gólf.

Geitfé skal baða á sama hátt og sauðfé.

Baðstjórum er skylt að halda skýrslur um böðun sauðfjár, tölu þess, sjúkar kindur, framkvæmd verksins og hvenær það var unnið samkvæmt fyrirsögn eftirlitsmanns.

#### 11. gr.

Ef fjárkláði finnst í fé skal taka þær kindur til sérstakrar lækningar. Klippa skal ull kringum kláðablettina eða rýja það alveg. Síðan skal nudda baðlegi rækilega á kláðablettina, svo að kláðaskófirnar blotni vel upp. Þegar búíð er að bleyta skófirnar vel upp er kindin böðuð. Sé kláði á byrjunarstigi leynist hann stundum í holum neðan við augun, augngrófum, við rót hornanna, einkum á hrútum, í hlustinni, í fellingum í klofi og nára. Því ber að athuga þessa staði sérstaklega ef grunur er um fjárkláða.

Bændur skulu leggja fram eða kosta viðhlýtandi mannafla til böðunar. Einnig skulu bændur bera kostnað þann sem kann að vera samfara aukinni fóðrun fjárens eftir böðun og af öðrum áföllum sem fram kunna að koma í sambandi við böðun.

#### 12. gr.

Nú tekur ríkissjóður þátt í baðlyfskostnaði og skal þá viðkomandi verslun innheimta hluta ríkissjóðs, enda hafi viðkomandi eftirlitsmenn úrskurðað reikninginn réttan.

#### 13. gr.

Nú lætur umráðamaður eða fjáreigandi undir höfuð leggjast að baða fé sitt á lögskipuðum tíma, án þess að lögmaef forföll hamli að dómi eftirlitsmanns og sýslumanns eða bæjarfógeta skal hann þá greiða dagsektir allt að kr. 50.00 á hverja kind á dag hvern sem böðun dregst fram yfir lögskildan tíma þ. e. 15. mars. Sektir þessar eru miðaðar við verðlag ársins 1978.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð og skal sýslumaður annast innheimtu sektarinnar.

Jafnframt skal sýslumaður í samráði við hlutaðeigandi eftirlitsmann gera ráðstafanir til þess að féð sé baðað á kostnað eiganda eins fljótt og aðstæður leyfa.

Brot gegn reglugerð þessari og öðrum fyrirmælum sem sett kunna að verða samkvæmt lögum um sauðfjárbaðanir nr. 22, 1977 skulu varða sektum allt að andvirði 300 kg. af 1. fl. dillkakjöti í næstliðinni sláturtíð og renna þær í ríkissjóð.

#### 14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 22 10. maí 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli og tekur gildi 1. september 1978.

*Landbúnaðarráðuneytið, 31. júlí 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Haukur Jörundarson.*

8. ágúst 1978.

Nr. 291.

## AUGLÝSING

**um söluskatt af innfluttum, prentuðum bókum, bæklingum og öðrum þess konar ritum á erlendu máli í tollskrárnúmeri 49.01.09.**

Ráðuneytið tilkynnir hér með, að það hefur ákveðið samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, að hámarksfjárhæð tollverðs af sölu-skattsfrjálsum innflutningi í tollskrárnúmeri 49.01.09 skuli vera kr. 25 000.